

Umsögn biskups katólskra á Íslandi um 114. mál: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja).

Fyrst vil ég segja að ég skil hugtakið umskurn vel, og þessi hefð var og er lifandi hjá þjóð Guðs í Gamla testamentinu, og er enn lifandi meðal trúaðra Múslíma.

Jesús sjálfur var umskorinn, sem og postular hans, en ekki er nauðsynlegt að kristnir menn séu umskornir á líkamanum, heldur, eins og segir í Postulasögunni (sbr. Post 7:51), eiga þeir að vera umskornir á hjarta og eyrum. Guðs þjóð tilheyrir ekki sá sem er umskorinn hið ytra, heldur sá sem er umskorinn hið innra, í hjarta sínu (Róm 2:29).

Í okkar augum er svo að sjá að þeir sem hafa svo mikinn áhuga á þessu efni kunni að geta misnotað umskurn í þeim tilgangi að ofsækja einhvern fyrir trú þeirra. Hvað þetta snertir styðjum við Múslíma og Gyðinga í baráttu þeirra fyrir því að játa trú sína í frelsi.

Með kveðju,

Davíð B. Tencer OFMCap.
Reykjavíkurbiskup

Reykjavík, 7. mars 2018